

Nr. 105 / 09 Tjaldur II ÞH 294**Leki kemur að bátnum**

Skipaskr.nr. 1109
 Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1970, Eik
 Stærð: 15,1 brl. 19,9 bt.
 Mesta lengd: 13,13 m Skráð lengd: 13,1 m
 Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,46 m
 Vél: Kelvin 66 kW, 1993
 Fjöldi skipverja: 2



Ásborg ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:

Skýrslur Siglingastofnunar
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2009 var Tjaldur II ÞH 294 á siglingu norður með Vestfjörðum. Veður: Hægviðri.

Þegar komið var norður undir Gölt varð skipstjóri var við að austur var kominn í skipið og sjálfvirk rafmagnsdæla hætt að lensa. Hann ákvað að leita hafnar á Suðureyri. Á leiðinni til hafnar var þilfarsdæla notuð til að dæla úr skipinu og var báturinn þurrausinn eftir að komið var í höfnina. Ekki virtist koma sjór í skipið á meðan staldrað var við á Suðureyri svo ferð var því haldið áfram.

Fljótlega eftir brottför rifnaði membrugúmmí í þilfarsdælunni og við það varð hún óvirk. Tók þá að safnast í kjalsog og var þá haldið til Ísafjarðar. Þegar komið var til hafnar var nokkur austur kominn í bátinn sem dælt var út eftir að gert hafði verið við rafmagnsdæluna.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra (vélstjóra) var önnur austurdæla í vélarúminu drifin af aðalvélinni en þar sem þeir kunnu ekki á dæluna var hún ekki notuð. Skoðunarmaður sem framkvæmdi vélar skoðun fyrir brottför sagði að dælan hafi virkað við úttektina. Í skyndiskoðun vélbúnaðar kom fram að



Fúi víða í þilfari © Siglingastofnun

dælan var ryðguð föst og flotrofi sem stjórnaði virkni rafmagnsdælu í vélarúmi var óvirkur og ekki var annar búnaður til að ræsa rafmagnsdæluna;

- að fyrir brottför frá Patreksfirði var skipið tekið í fjöru, botnhreinsað og botnmálað. Fór þá fram bolskoðun, stýris- og öxulskoðun og eru skoðunarskýrslur Skipaskoðunar ehf. dagsetta 9. júlí. Skoðunin var án athugasemda en getið um eldri athugasemd frá 25. september 2001 um lágmarksþykkt á 3ja umfari bb. megin (ís skemmdir) ásamt öldustokksskemmdum. Búnaðarskoðun og vélskoðun voru framkvæmdar samkvæmt skoðunarskýrslum 21. júlí en í þeim kemur skýrt fram að sjósókn er óheimil þar sem fjögur atriði fá dæmingu III og 17 atriði fá dæmingu I og II. Endurskoðun búnaðar og vélbúnaðar fór fram 30. júlí þar sem skoðuð voru atriði sem vanbúin voru í hinni fyrri. Engin alvarleg dæming kom fram í endurskoðuninni en til tveggja atriða var ekki tekin afstaða þar sem ekki hefur verið brugðist við og engin dagsetning var gefin til endurbóta. Þrátt fyrir það var haffærisskírteini gefið út og gildi frá 30. júlí til 31. ágúst 2009; að við skyndiskoðun þann 14. ágúst s.l., eftir upptöku á Ísafirði, kom í ljós að mörg atriði voru í slæmu ástandi og voru alvarlegar athugasemdir gerðar sem leiddu til þess að haffæri var tekið af skipinu;
- að í samantekt skoðunarmanna, sem gerðu skyndiskoðunina, eru niðurstöður athugasemda í bolskoðun, búnaðarskoðun, vélskoðun og rafmagnsskoðun samtals eftirfarandi:
 - *Dæming I. ----- 8 atriði*
 - *Dæming II ---- 72 atriði (þar af 31 um rafmagnsskoðun)*
 - *Dæming III --- 31 atriði (þar af aðeins 3 um rafmagnsskoðun)*
- að ekki hefur verið bent nákvæmlega á hvar leki var að skipinu en fúaskemmdir í þilfari voru augljósar sem orsökuðu leka þegar sjór eða regn kom á þilfarið og einnig komu fram grunsemdir um skemmdir í hamppéttingu á súð;
- að skipið var búíð að liggja í höfn í nokkur ár og sagði fyrri eigandi að ekki hafi borið á óeðlilegum leka á legutímanum. En í reynslusiglingu hjá nýjum eigendum hafi komið fram lítilsháttar leki í skut þegar komið var á fulla ferð sem hvarf síðan ef keyrt var hægar;
- að aðeins var tryggður einn skipverji um borð en á siglingunni voru þeir þrír.



Hampur í súð©Siglingastofnun

Nefndarálit:

Orsök lekans var slæmt ástand skipsins.